

VILJAYFIRLÝSING

Elliðaárdalurinn í Reykjavík er vagma veitustarfsemi í borginni. Í árnar var fyrst sótt vatn árið 1909, rafstöðin var tekin í notkun árið 1921 og frá 7. áratug 20. aldar hefur hitaveitan sótt vatn í borholur í dalnum. Jafnframt er dalurinn eitt fjölsóttasta útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu en starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur hófu skógrækt í dalnum árið 1951.

Reykjavíkurborg hefur í skýrslunni *Sjálfbær Elliðaárdalur – stefna Reykjavíkurborgar* sett fram framtíðarsýn fyrir dalinn og aðgerðaáætlun. Orkuveita Reykjavíkur (OR) og Borgarsögusafn eru á meðal ábyrgðaraðila aðgerða í áætluninni.

OR og Borgarsögusafn ætla að kanna möguleika á samstarfi um að gera sögu veitnanna skil og að sú saga verði almenningi aðgengileg.

Markmiðið er að standa vörð um merka sögu veitureksturs í Reykjavík og nýta til þess:

- fasteignir OR við Rafstöðina í Elliðaárdal og Rafstöðina sjálfa,
- safnmuni OR sem nú eru geymdir í húsnæði OR,
- Gullborinn, sem nú er á Árbæjarsafni,
- þekkingu starfsfólks OR og reynslu af rekstri mannvirkjanna,
- nábyli Árbæjarsafns við Elliðaárdalinn,
- þekkingu fræðimanna og annars starfsfólks Borgarsögusafns,
- þekkingu og reynslu starfsfólks Borgarsögusafns af rekstri Árbæjarsafns og fleiri safna,
- hugmyndir og verkefni sem fram koma í skýrslu Reykjavíkurborgar,
- önnur nauðsynleg aðföng.

OR hyggst gangast fyrir hugmyndasamkeppni um fyrirkomulag sýningar á Rafstöðvartorfunni. Borgarsögusafn og OR eru sammála um að óskað verði eftir hugmyndum um tengingu milli hennar og Árbæjarsafns. OR mun bera allan kostnað af samkeppninni og hafa samráð við Árbæjarsafn um undirbúning hennar.

Að niðurstöðu samkeppninnar fenginni munu OR og Borgarsögusafns skipa hóp tveggja fulltrúa OR og eins frá Borgarsögusafni til að vinna tillögu að samningi á milli OR og Borgarsögusafns þar sem fram koma réttindi og skyldur hvors aðila um sig í samstarfinu.

Reykjavík, 28. nóvember 2017

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur


Eiríkur Hjálmarsson

f.h. Borgarsögusafns


Guðbrandur Benediktsson